



DET KONGELIGE  
KLIMA- OG MILJØDEPARTEMENT

Statsråden

Norðurlandaráð

Tilvísun yðar

Tilvísun okkar

Dagsetning

19. mars 2024

## Svar við fyrirspurn E 9/2024

Jette Gotlieb beinir skriflegri fyrirspurn E9 til norska loftlags- og umhverfismálaráðherrans:

- Er Noregi ljóst að Noregur má ekki flytja út spilliefni ef móttökulandið býr ekki yfir nægilegri getu og færni til að meðhöndla þau samkvæmt Baselsamningnum?

Baselsamningurinn var innleiddur í norskar reglugerðir um úrgang með reglugerð ESB um flutning úrgangs milli landa. Norskir framleiðendur úrgangs geta keypt þjónustu fyrir meðhöndlun úrgangs erlendis, svo framarlega sem það er gert í samræmi við reglugerð ESB um flutning úrgangs milli landa. Þannig er rétt meðhöndlun úrgangs tryggð. Umsóknir um útflutning úrgangs til Danmerkur eru metnar af bæði norskum og dönskum yfirvöldum áður en útflutningsleyfi er veitt.

Í reglugerðinni um flutning úrgangs milli landa er mælt fyrir um ferli sem skal fylgja ef ekki er hægt að meðhöndla úrgang á réttan hátt. Umhverfisyfirvöld móttökulandsins bera ábyrgð á því að fylgja því eftir að sú stöð sem tekur við úrganginum sé rekin sem skyldi og samkvæmt gildandi leyfum. Meti móttökuland sem svo að móttökustöðin uppfylli ekki skilyrði fyrir innflutningsleyfi ber því að tilkynna það yfirvöldum í upprunalandinu og útflytjanda. Í slíkum tilfellum skal afturkalla leyfið. Einnig hvílir sjálfstæð skylda á yfirvöldum í upprunalandinu til að afturkalla leyfi ef þau verða þess áskynja að úrgangurinn sé ekki meðhöndlaður sem skyldi. Alla jafna gerist þetta að höfðu samráði við yfirvöld í móttökulandinu.

Í þessu samhengi má nefna innflutning spillivökva sem inniheldur olíu frá Noregi til Danmerkur. Dönskyfirvöld hafa lagt almennt bann við innflutningi úrgangs til lokameðhöndlunar en höfðu þar til nýlega hafa leyft innflutning spillivökva sem inniheldur olíu til meðhöndlunar. Í mars 2023 tilkynnti norska umhverfisstofnunin Miljødirektoratet að hún

hygðist taka strangar á undanþáguákvæðum og því má búast við því að fleiri umsóknum verði hafnað í framtíðinni. Til þessa hafa tvö leyfi til innflutnings spillivökva sem inniheldur olíu til Danmerkur hafa verið afturkölluð með skýringum danskra yfirvöldum sem vísa til þess að metið hafi verið sem svo að um leyfi fyrir lokameðhöndlun hafi verið að ræða en ekki endurvinnslu, sem upphaflega var gefið leyfi fyrir. Norsk yfirvöld hafa ekki fengið upplýsingar frá dönskum yfirvöldum um að móttökustöðvar í Danmörku samþykki ekki núverandi leyfi fyrir spillivökva sem inniheldur olíu. Ef slíkar upplýsingar berast verða leyfi afgreidd í samræmi við málsmeðferðina sem lýst er hér að ofan.

Með kveðju,

Andreas Bjelland Eriksen